

Skilablað – Vandað, hagkvæmt hratt – hugmyndasamkeppni

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „**skilagrein**“ eða „**skilablað**“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað.

1 Upphof verkefnis

Í framhaldi að fundi Eyglóar Harðardóttur velferðaráðherra þann 7. október 2015 með fulltrúum Arkitektafélags Íslands, sbr. tölvupóst dags. 7.10.2015 þar sem hún óskaði eftir að skoðað yrði hvort hægt væri að halda opna hönnunarsamkeppni um byggingu lítila íbúða, var í framhaldinu óskað eftir aðstoð FSR um framkvæmd slíkrar hönnunarsamkeppni.

Engin sérstök tímamörk voru skilgreind á verkefninu að öðru leyti en því að óskað var eftir að undirbúningi hönnunarsamkeppninnar yrði flýtt eins og kostur væri.

Halldóra Vífilsdóttir, þáverandi forstjóri FSR, lagði í framhaldinu til að Pétur Bolli Jóhannesson, verkefnastjóri hjá FSR, myndi leiða verkefnið.

2 Verklýsing

Hugmynd velferðaráðherra var að halda opna hönnunarsamkeppni í samráði við Arkitektafélag Íslands um nokkurs konar protótípu af litlum íbúðum sem hægt yrði að reisa vítt og breitt um landið til að koma til móts við íbúðaskort hjá ungu fólk og hægt væri að kaupa á viðráðanlegu verði.

Verkefnið fékk heitið „**Vandað, hagkvæmt hratt – hugmyndasamkeppni um hönnun lítila hagkvæmra íbúða**“.

Samkeppnisverkefnið komst aldrei á laggirnar þar sem hætt var við að fara samkeppnisleiðina, sbr. tölvupóst skrifstofustjóra velferðarráðuneytisins frá

29.2.2016. Þar af leiðandi var ekki gerður verk-kaupasamningur um verkefnið við FSR.

3 Verknúmer

Send var beiðni um stofnun verknúmer til skrifstofustjóra FSR 16.11.2015 og verknúmerið 6087500 var stofnað 16.12.2015.

4 Framvinda

Samkeppnisverkefnið komst aldrei á laggirnar þar sem hætt var við að fara samkeppnisleiðina, sbr. tölvupóst skrifstofustjóra velferðarráðuneytisins frá 29.2.2016.

5 Kostnaður verksins

Eins og áður hefur komið fram komst verkefnið aldrei á laggirnar þar sem hætt var við að fara samkeppnisleiðina og er því kostnaðurinn í samræmi við það. Undirbúningskostnaður FSR vegna verkefnisins var alls kr. 261.534 kr. sem fólst aðallega í undirbúningsvinnu, umsjón og ráðgjöf.

6 Niðurstaða verkefnis

Sjá lið nr. 4.

7 Ákvörðun verkkaupa


Sjá lið nr. 4.

8 Verklok


Sjá lið nr. 4.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðir staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Hafsteinn S. Hafsteinsson, forstjóri, settur



Pétur Bolli Jóhannesson verkefnastjóri